

Sp.

935. Svar

[75. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Magdalenu M. Sigurðardóttur um aukakostnað sveitarfélaga vegna kennara á grunnskólastigi.

Í október s.l. barst ráðuneytinu fyrirspurn þessi um aukakostnað vegna kennara á grunnskólastigi. Ráðuneytið óskaði þá strax eftir því við Samband íslenskra sveitarfélaga að það útvegaði upplýsingar frá sveitarfélögum þannig að hægt væri að svara fyrirspurninni. Mjög erfitt hefur reynst að fá þessar upplýsingar.

12. mars s.l. barst ráðuneytinu meðfylgjandi bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem gerð er grein fyrir þeim svörum sem borist hafa frá fræðslustjórum varðandi mál þetta, en þau eru frá fræðslustjórunum í Reykjavík, á Norðurlandi vestra og Suðurlandi.

Bréf þessi fylgja hér með ásamt samandregnum upplýsingum sem í þeim koma fram.

**Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um aukakostnað
sveitarfélaga vegna kennara á grunnskólastigi.**

Með bréfi ráðuneytisins dags. 27. október 1986 óskaði ráðuneytið eftir því að Samband ísl. sveitarfélaga aflaði upplýsinga um aukagreiðslur sveitarfélaga vegna kennara á grunnskólastigi í tilefni fyrirspurnar á Alþingi.

Með bréfi dags. 27. nóvember s.l. til allra fræðslustjóra landsins óskaði ég eftir því að fræðslustjórnir öfluðu umbeðinna upplýsinga, enda standa þeir í nánu sambandi við öll skólafyrirvöld í umdæmum sínum. Var þess óskað að umbeðnar upplýsingar bærust í síðasta lagi fyrir 10. janúar 1987.

Heimtur á svörum hafa verið dræmar.

Svar barst frá Reykjavík dags. 2. jan. s.l. um að í Reykjavík hafi aldrei verið greiddar neinar aukagreiðslur til kennara úr borgarsjóði. Svar barst fljótlega frá fræðslustjóra Austurlands um að slíkar upplýsingar lægju ekki fyrir á fræðsluskrifstofunni. Svör hafa borist frá fræðslustjóra Suðurlands og fræðslustjóra Norðurlands vestra. Frá fræðslustjórum á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi eystra hafa engin svör borist.

Virðingarfyllt,

Magnús E. Guðjónsson.

Bréf fræðslustjóra Reykjavíkurmæmis.

Vegna fyrirspurnar um aukagreiðslur til grunnskólakennara 1985 í Reykjavíkurmæmi skal þessu til svarað:

Samkvæmt upplýsingum Skólaskrifstofu Reykjavíkur hafa aldrei verið greiddar neinar aukagreiðslur til kennara af borgarinnar hálfu.

Virðingarfyllt,

Áslaug Brynjólfsdóttir.

Bréf fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis vestra.

Hjálögð eru svör reikningshaldara skóla á Norðurlandi vestra við könnun á aukagreiðslum sveitarfélaga vegna grunnskólakennara 1985.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi bréfi var það bréf sent reikningshöldurum ásamt eyðublaði þann 1. des. 1986 þar sem farið var fram á að svör bærust fræðslustjóra fyrir áramót. Svör hafa ekki borist frá Grunnskóla Sauðárkróks, efra og neðra stigi, Varmahlíðarskóla, Sólgarðaskóla og Grunnskóla Blönduósi.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Ingi Leifsson,
fræðslustjóri.

Bréf bæjarritara Selfoss til fræðslustjóra Suðurlands.

Varðandi bréf yðar dags. 1. des. 1986 vegna fyrirspurnar um aukagreiðslur til kennara upplýsist að Selfoskaupstaður hefur ekki greitt kennurum grunnskólanna neinar slíkar greiðslur sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst,
Helgi Helgason,
bæjarritari.

Bréf skólafulltrúa Vestmannaeyja til fræðslustjóra Suðurlands.

1985 tók Vestmannaeyjabær 11 íbúðir á leigu á frjálsum leigumarkaði handa grunnskólakennurum og greiddi leiguverð þeirra niður til jafns við leigu á íbúðum í eigu bæjarsjóðs.

1985 var kostnaður vegna þessa (í kr.):

Niðurgreiðsla á 11 íbúðum	284 190
Flutningskostnaður á búslóðum kennara	130 235
	<hr/>
	414 425

Engar beinar launabætur eru greiddar til kennara í Vestmannaeyjum.

Virðingarfyllst,
Hermann Einarsson.

Yfirlit yfir aukakostnað
vegna kennara á grunnskólastigi.

Fræðslustjóri Reykjavíkurmæmis.

Í Reykjavík hafa kennurum ekki verið greiddar neinar aukagreiðslur.

Fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis vestra.

	Ferða- kostnaður	Húsnæðis- kostnaður	Launa- kostnaður	Alls
Húnavallaskóli	41 076	13 200	79 840	134 116
Grunnskóli Staðarhrepps, Melsgili	15 358			15 358
Grunnskólinn Hofsósi		19 500		19 500
Grunnskóli Rípurhrepps				0
Vesturhópsskóli	17 144			17 144
Grunnskóli Siglufjarðar		63 325		63 325
Akraskóli				0
Grunnskóli Staðarhrepps	32 519		73 806	106 325
Grunnskólinn Hólum				0
Steinsstaðaskóli				0
Grunnskóli Hvammstanga				0
Höfðaskóli Skagaströnd				0
Grunnskóli Skefilsstaðahrepps				0
Laugabakkaskóli	13 740			13 740

Fræðslustjóri Suðurlands.

Grunnskóli Vestmannaeyja	130 235	284 190		414 425
Grunnskóli Selfoss				0
Villingaholtsskóli		150 000		150 000
Grunnskólinn Þingborg				0
Seljalandskóli				0
Ásaskóli	25 667	34 479		60 146
Grunnskólinn, Hvolsvelli				0
Víkurskóli				0
Ketilsstaðaskóli				0
Grunnskóli Austur-Landeyja				0
Grunnskóli Fljótshlíðarhrepps				0
Kirkjubæjarskóli				0
Skeiðaskóli	25 314			25 314
Grunnskóli Stokkseyrar	40 000	200 000		240 000